



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um úttekt á næringargildi og fjölbreytni matar í leik- og grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar þann 22. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sósíalístaflokksins:

Lagt er til að úttekt verði gerð einu sinni í viku eða oftar eftir því sem þörf þykir yfir nokkra vikna tímabil til þess að kanna næringargildi og fjölbreytni matarins sem er í leik- og grunnskólum borgarinnar. Úttektin verði gerð til að kanna hvort máltíðirnar uppfylli viðmið um næringargildi fyrir börn. Litið verði til mismunandi aldurs barnanna þegar verið er að meta næringarþörf. Jafnframt verði skoðað hvort maturinn sé fjölbreyttur og hvernig vikumatseðlar eru settir upp með tilliti til næringar, fjölbreytni og gæða. Þegar könnunin er gerð verði litið til allra máltíða sem og hressinga. Einnig er lagt til að næringargildi verði könnuð innan sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í Reykjavík. Í niðurstöðum verði tekið fram hvort að skólarnir séu með eigið eldhús og matreiðslu á staðnum eða kaupi mat frá utanaðkomandi fyrirtækjum. Skóla- og frístundasviði verði falið að móta könnunina og aðferðarfræði hennar þannig að hægt verði að fá þessar upplýsingar fram, upplýsingar sem sýna raunverulega mynd af máltíðum og hressingum innan leik- og grunnskóla og hvort að þau uppfylli opinber viðmið um næringargildi og fjölbreytni

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Leikskólar

Af 68 borgarreknum leikskólum kaupa um 47 þeirra mat af utanaðkomandi aðilum sem þýðir að 21 leikskóli er með eigin matráð. Þau utanaðkomandi fyrirtæki sem skipt er við birta öll matseðla með næringarreiknuðum máltíðum, sjá www.matartiminn.is og www.skolamatur.is. Þessar upplýsingar er því miður ekki hægt að sjá í þeim leikskólum sem eru með eigin matráð.

Verið er að undirbúa rannsókn í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem mun fara fram í leikskólum Reykjavíkurborgar, þar sem rannsókuð verða áhrif bragðlaukaþjálfunar hjá leikskólabörnum. Niðurstöður rannsóknarinnar munu án efa geta gefið ágætis upplýsingar um fæðuframboð og fjölbreytileika máltíða í leikskólum borgarinnar.

Grunnskólar

Af 38 borgarreknum grunnskólum kaupa um 10 þeirra mat af utanaðkomandi aðilum sem þýðir að 28 skólar eru með eigin kokk. Þau utanaðkomandi fyrirtæki sem skipt er við birta öll matseðla með næringarreiknuðum máltíðum, sjá www.matartiminn.is og www.skolamatur.is. Þessar upplýsingar er sjaldnast hægt að sjá hjá þeim skólum sem eru með eigin matreiðslufólk.



Til að bæta úr því er skóla- og frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið að leggja lokahönd á útboð eldhúsumsjónarkerfis sem mun gera grunnskólunum kleift að birta þessar upplýsingar, auk annars konar hagræðis sem felst í slíku kerfi. Áformað er að útboðið fari í loftið í haust sem þýðir að innleiðing ætti að geta hafist á fyrri hluta árs 2024. Með tilkomu þessa kerfis verður mjög fljótlegt að skoða næringarframboð í grunnskólum borgarinnar, sjá næringargildi og meta gæði.

Markviss vinna hefur átt sér stað undanfarin rúm tvö skólaár með matreiðslufólki grunnskólanna, á vegum starfsmanna matarstefnuteymis borgarinnar. Haldnir hafa verið starfsdagar og reglulegir fundir sem hafa m.a. farið fram í skólunum sjálfum. Með þessari vinnu er verið að búa til lærdómssamfélag meðal þessara einstaklinga, sem oftast en ekki eru einyrkjar í störfum sínum innan skólanna. Samhliða þessu hefur verið virkt samstarf við Menntaskólann í Kópavogi þar sem sérhæfð námskeið hafa verið þróuð fyrir starfsfólk mötuneyta á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs, styrkt af stéttarfélögum. Öll þessi vinna hefur mælst mjög vel fyrir hjá bæði matreiðslufólki og skólastjórnendum.

Frístundastarf

Síðastliðið vor hélt verkefnastjóri matarstefnu fræðslu um fæðuráðleggingar fyrir starfsfólk frístundaheimila. Í kjölfarið var haldin vinnustofa þar sem starfsfólk skráði tillögur að síðdegishressingum fyrir frístundaheimilin, sem samræmast fæðuráðleggingum. Út frá þessari vinnu var gerður einskonar matarhugmyndabanki, auk þess að gerður var 6 vikna fjölbreyttur viðmiðunar matseðill sem öll frístundaheimili fengu sér til stuðnings.

Matarkönnun

Kannanir á matarframboði og næringu eru gerðar reglulega með ítarlegum spurningalista sem skóla- og frístundasvið hefur sent út. Spurningalistarnir eru settir þannig upp að þeir gefi sem besta yfirsýn yfir þann mat sem er í boði og samsetningu hans. Árið 2021 var mikil vinna lögð í að þróa ítarlegan spurningalista um fæðuframboð og fleira því tengdu. Spurningalistinn var sendur á alla grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili í byrjun árs 2022 og liggja niðurstöður hans fyrir. Niðurstöður litast þó talsvert af Covid-19 tímabilinu og er því ráðlegt að senda spurningalistann á ný á þessu skólaári. Niðurstöður hans má svo nýta til að gera skýrslu um stöðu mála í næringarframboði á skóla- og frístundasviði.

Með tilkomu nýs eldhúsumsjónarkerfis á fyrri hluta árs 2024 verður einnig hægt að reikna út næringargildi og samsetningu máltíða hjá öllum skólum. Þar að auki er stefnt að því í aðgerð 23 í [aðgerðaráætlun Matvælastefnu ríkisins](#) að: „Gerð verði úttekt á gæðum skólamáltíða í grunn- og leikskólum í samvinnu við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Markmið: Tryggja að börn fái hollan mat í samræmi við næringarþarfir þeirra. Í kjölfarið verði settar fram tillögur til úrbóta svo að auka megi heilnæmi og heilsuþjöfnuð og draga úr sóun.“

Ráðlægt væri því að vinna við slíka úttekt, eins og lagt hefur verið til í þessari fyrirspurn, verði gerð í samstarfi við ríkið og önnur sveitafélög líkt og lagt er upp með í þeirri stefnu.